

Matartímar

morgunmatur
hádegismatur
kaffitími
kvöldmatur



Hvað borðar þú í morgunmat?
Hvað borðarðu í hádegismat?
Tekurðu nesti með þér í skólann / vinnu,
eða borðarðu heima, á kaffistofu,...?
Tekur þú kaffitíma?
Hvað borðarðu helst á kvöldin?

Á veitingastað

ÞJÓNN: Góða kvöldið. Eruð þið búnar að ákveða ykkur?

A: Ég ætla að fá ...

ÞJÓNN: Og í forrétt?

A: Enginn forréttur fyrir mig, takk.

B: Og ég ætla að fá ...

ÞJÓNN: Þakka ykkur fyrir. Hvað má bjóða ykkur að drekka?

B: Þykir þér gott ...? Eigum við að fá okkur ... með matnum?

A: Það væri indælt!

ÞJÓNN: Jæja, hvernig bragðast þetta?

A/B: Mér finnst maturinn... / matinn vantar...

ÞJÓNN: Hvað má bjóða ykkur í eftirrétt?

A: Ekkert, þakka þér fyrir, ég er orðin södd.

B: Ég ætla að fá ... og reikninginn, takk.

Minulý čas slabých sloves

- **dentální sufix:**
 - ð** : po samohláskách a znělých souhl. (*r* a frikativy)
(kalla > kalla**ði**; gera > ger**ði**; horfa > horf**ði**)
 - d** : po *l, n, m* a také *ð* > *dd*
(geyma > gey**mdi**; kenna > ken**ndi**; ræða > ræ**ddi**)
 - t** : po neznělých souhláskách
(breyta > breyt**ti**; þekkja > þekk**ti**; hitta > hitt**i**)
- neplatí absolutně – zvláště u sloves s více souhl.
(fylgja > fylg**di**; spenna > spen**nti**)
- **přehláska** sg / inf (typ III: velja) v **préteritu mizí**
(velja > val**di**; spyrja > spur**ði**; leggja > lag**ði**)

	I (kalla)	II (heyra)	III telja
ég	kallaði	heyrði	taldi
þú	kallaðir	heyrðir	taldir
hann	kallaði	heyrði	taldi
við	kölluðum	heyrðum	töldum
þið	kölluðuð	heyrðuð	tölduð
þau	kölluðu	heyrðu	töldu

Ferðir Íslendinga til Vesturheims

Á árunum 1870 til 1914 fluttu næstum 14.000 Íslendingar til Kanada og stofnuðu þar Íslendingabyggðir. Íslendingar af öllum stéttum leituðu betra lífs í Kanada. Á meðal þeirra sem fluttu vestur voru mörg íslensk skáld sem ortu um föðurlandið með söknuði. Mikil fátækt og atvinnuleysi var á Íslandi á þeim tíma og fólkið sem sigldi til Kanada trúði á ný tækifæri í nýja landinu. Margir Íslendingar gerðust bændur í Kanada og sumir fóru að vinna við að leggja járnbrautir eða skógarhögg. Sumir áttu gott líf í Kanada og voru fegnir að komast úr fátæktinni á Íslandi. Ekki voru þó allir heppnir því margir bjuggu við sára fátækt og máttu þola sjúkdóma og dauða í fjölskyldunni.

Rétt eða rangt?

Mikil fátækt og atvinnuleysi var á Íslandi.
Fáir Íslendingar gerðust bændur í Kanada.
Allir áttu gott líf í Kanada.
Sumir söknuðu Íslands alla ævi.



Íslenskur burstabær 1893.
Tempest Anderson




Vestur-íslensk fjölskylda á góðum degi.

Stephan G. Stephansson

Stephan G. Stephansson (1853-1927) flutti ungur frá Íslandi til Kanada og var bóndi þar. Stephan er eitt merkasta ljóðskáld Íslendinga. Hann gekk aldrei í skóla og orti ljóð sín meðfram bústörfum í Alberta í Kanada. „Þó þú langförull legðir“ heitir þekkt ljóð eftir Stephan G. Stephansson. Það fjallar um Ísland, kraft landsins og stórbrotna náttúru. Í ljóðinu má sjá að skáldið saknaði föðurlandsins.

Svona er ljóð Stephans:

Þó þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalands mót,
frænka eldfjalls og íshafs!
sifji árfoss og hvers!
dóttir langholts og lyngmós!
sonur landvers og skers!



Íslendingar í Kanada

Íslendingar í Kanada voru einangraðir í Nýja-Íslandi. Þeir lásu mikið og skrifuðu á íslensku. Vesturíslenskan er íslensk mállýska og er aðallega töluð fyrir norðan Winnipeg í Kanada og í Norður-Dakota í Bandaríkjunum. Í vesturíslensku eru mjög mörg tökuorð úr ensku. Tökuorðin eru ekki jafn-algeng í íslensku á Íslandi. Beygingar í vesturíslensku og íslensku eru líka oft ólíkar og mikill framburðarmunur er á íslensku í Kanada og á Íslandi.

Rétt eða rangt?

Næstum 100.000 Íslendingar fluttu til Kanada á árunum 1870-1914.

Íslendingar af öllum stéttum fluttu til Kanada.

Það var næg atvinna á Íslandi á þessum árum.

Íslendingar í Kanada lásu og skrifuðu á Íslensku.

Í íslensku eru margar mállýskur.

Andstæður

flytja

fátækt

atvinnuleysi

sjúkdómar

líf


ríkidæmi

dauði

nóg vinna

vera kyrr

heilbrigði



Heyannir á Viðimýri, Riverton,
í kringum 1915.